



MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgrötu 4 · 101 Reykjavík

sími: 545 9500

postur@mrn.is · menntamálaráðuneyti.is


Samband íslenskra sveitarfélaga  
Pósthólf 8100  
128 Reykjavík

Reykjavík 4. nóvember 2019

Tilv.: MMR19040250/8.0

Mennta- og menningarmálaráðuneyti hefur unnið hjálagðar leiðbeiningar til sveitarfélaga vegna skólaaksturs í grunnskóla. Ráðuneytið fer þess á leit við Samband íslenskra sveitarfélaga að leiðbeiningarnar verði kynntar sveitarfélögum.

Fyrir hönd ráðherra



Jón Vilberg Guðjónsson



Jóhann Þorvarðarson

Fylgiskj.: Leiðbeiningar til sveitarfélaga vegna skólaaksturs í grunnskóla.

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA	
Mál nr.	1906 0268A
Móttækið dags.	07. Nóv. 2019
Bréfalykils nr.	00.64



MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgötu 4 · 101 Reykjavík

sími: 545 9500

postur@mrn.is · menntamálaráðuneyti.is

Reykjavík 4. nóvember 2019

Tilv.: MMR19040250/8.0

Efni: Leiðbeiningar til sveitarfélaga vegna skólaaksturs í grunnskóla.

## I. Almenn.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti hefur haft til meðferðar mál er varða hæfi og réttindi ökumanna sem sinna skólaakstri grunnskólabarna. Í ljósi þeirra mála sem öll snúa að meginstefnu til að sambærilegum atriðum telur ráðuneytið tilefni vera til þess að veita sveitarfélögum almenna leiðsögn um þessi atriði.

Forsögu málsins má m.a. rekja til álits umboðsmanns Alþingis í máli nr. 8687/2015 þar sem hann komst að þeirri niðurstöðu að það félli undir eftirlit ráðuneytisins að bregðast við ef í reglum sveitarfélaga, sem ættu stöð í stjórnvaldsfyrirmælum ráðuneytisins, kæmu fram skilyrði sem ráðuneytið teldi ekki byggja á fullnægjandi lagaheimild. Þau skilyrði sem umboðsmaður vísar til laut að hámarksaldri skólabílstjóra sem sett var í reglur sveitarfélags.

Þá hefur Samband íslenskra sveitarfélaga veitt umsögn sína í máli er varðar þau réttindi sem bifreiðastjórar þurfa að hafa og mótmælt því að gerð sé krafa um að bifreiðastjóri skólabifreiða skuli hafa réttindi til farþegaflutninga í atvinnuskyni.

Samkvæmt 22. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008, bera sveitarfélög ábyrgð á skipulagi skólaaksturs þar sem hann á við og standa straum af kostnaðinum. Þá segir að ráðherra setji nánari reglur, sbr. reglur um skólaakstur í grunnskóla, nr. 656/2009. Samkvæmt 2. gr. þeirra regna bera sveitarfélög ábyrgð á öryggi, velferð og hagsmunum nemenda í skólaakstri og að uppfylltar séu kröfur laga og reglugerða um umferðaröryggi. Þá segir í 4. gr. regnanna að skólaakstur skuli skipulagður í samræmi við þarfir nemenda m.a. með hliðsjón af öryggi þeirra og velferð.

Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. regnanna skal bifreiðastjóri skólabifreiða hafa aukin ökuréttindi og hafa sótt skyndihjálparnámskeið og önnur þau námskeið sem sérstaklega eru ætluð bifreiðastjórum fólksflutningabíla. Í 3. mgr. 6. gr. er kveðið á um að ákvæði 12. gr. laga um grunnskóla um þagnarskyldu starfsfólks skóla og tilkynningarskyldu til barnaverndaryfirvalda taki jafnframt til bílstjóra skólabíls þrátt fyrir að hann sé ekki starfsmaður sveitarfélags og að í samningi sveitarfélags um skólaakstur á þess vegum skuli kveðið sérstaklega á um hæfi og skyldur bílstjóra.

Rétt er að benda á að í 8. gr. laga um farþegaflutninga og farmflutninga, nr. 28/2017, er fjallað um sérstaka reglubundna farþegaflutninga. Þrjú tilvik teljast sérstakir reglubundnir farþegaflutningar. Það eru í fyrsta lagi flutningar starfsfólks til og frá vinnustað á kostnað vinnuveitanda, enda falli þeir ekki undir 8. tölul. 3. gr. laganna, í öðru lagi ferðapjónusta fatlaðs fólks í samræmi við lög um málefni fatlaðs fólks og í þriðja lagi akstur skólanemenda. Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. þurfa flytjendur að uppfylla skilyrði laganna og þær gæða- og tæknikröfur sem Samgöngustofa setur.

Í því frumvarpi sem varð að lögum um farþegaflutninga og farmflutninga á landi segir að í athugasemdum við frumvarp það sem hafi orðið að lögum nr. 73/2001 hafi verið tekið fram að sú ítrekun sem fram komi í 8. gr., um að flutningsaðili þurfi að uppfylla gæða- og tæknikröfur, sé til

komin vegna álots umboðsmanns barna um kröfur sem gera verður til bílstjóra og ökutækja sem notuð eru í skólaakstri grunnskólabarna. Ákvæðið beri að lesa með hliðsjón af þeirri heimild sem Samgöngustofu er veitt í 2. mgr. 12. gr. laganna að gera sérkröfur vegna bifreiða sem notaðar eru til aksturs skólabarna.

## **II. Sjónarmið um réttindi ökumanna sem sinna skólaakstri.**

Samgöngustofa hefur bent á í umsögn sinni vegna tiltekins máls sem ráðuneytið hefur haft til meðferðar, að með auknum ökuréttindum í skilningi 1. mgr. 6. gr. reglna um skólaakstur í grunnskóla sé átt við réttindi til farþegaflutninga í atvinnuskyni á þá stærð bíls sem ökumaður notar. Sambærileg túlkun á hugtakinu kom fram í umsögn samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, dags. 27. júlí 2018.

Af þessu er því ljóst að með auknum ökuréttindum í 1. mgr. 6. gr. reglna um skólaakstur, er átt við réttindi til farþegaflutninga í atvinnuskyni. Skilyrði þetta nær til allra bifreiðastjóra skólabifreiða, þ.m.t. foreldra sem taka þátt í skólaakstri á grundvelli samnings við sveitarstjórn og fá fyrir það greidda þóknun, sbr. 4. mgr. 4. gr. reglna um skólaakstur. Um réttindi til farþegaflutninga í atvinnuskyni er fjallað í reglugerð um ökuskírteini, nr. 830/2011, sem sett er af ráðherra samgöngumála samkvæmt heimild í 2. mgr. 50. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987.

## **III. Sjónarmið um hæfi ökumanna sem sinna skólaakstri grunnskólabarna.**

Með hugtakinu „hæfi“ er átt við almenna getu bílstjóra til að fást við það verkefni að aka skólabíl með tilliti til öryggis nemenda. Afar brýnt er að ökumenn sem kunna að skorta nauðsynlega hæfni með tilliti til öryggissjónarmiða komi ekki að skólaakstri svo öryggi þeirra grunnskólabarna sem nýta sér skólaaksturinn sé tryggt með öyggingandi hætti.

Leiðir það því af reglum um skólaakstur í grunnskóla, og lögum um grunnskóla, að sveitarstjórnnum er heimilt að kalla eftir vottorði til staðfestingar á því að sá ökumaður sem ber ábyrgð á að sinna skólaakstri grunnskólabarna uppfylli öryggissjónarmið, enda komi upp rökstuddur vafi um slíkt. Verður þetta skilyrði talið sanngjarnt og málefnalegt með hliðsjón af brýnum hagsmunum notenda þjónustunnar af því að engin vafi leiki á hæfni ökumanns til að sinna starfinu með tilliti til öryggissjónarmiða, komi upp vafi þar að lútandi.

Ef sveitarstjórn telur að fram séu komnar ábendingar frá skóla, foreldrum, nemendum eða öðrum, sem skapi rökstuddan vafa á hæfi ökumanns til að sinna skólaakstri, hvílir því raunar sú skylda á sveitarstjórn að kalla eftir læknisvottorði eða öðru til þess að bregðast við slíkum ábendingum. Skili viðkomandi bifreiðastjóri ekki inn slíku vottorði eða vottorðið sýnir fram á skerta hæfni viðkomandi til aksturs, ber sveitarstjórn að tryggja að hlutaðeigandi komi ekki frekar að slíkum akstri, nema ef gerðar eru viðeigandi úrbætur á þeim aðstæðum sem leiða til skertrar hæfni, ef því er viðkomið.

Rétt er að benda á að skv. 4. gr. reglugerðar um ökuskírteini, sem fjallar um könnun sýslumanns við útgáfu ökuskírteina, byggir sýslumaður á heilbrigðisyfirlýsingu eða læknisvottorði við könnun þess hvort umsækjandi um ökuskírteini fullnægi heilbrigðisskilyrðum. Sýslumaður getur þó krafist þess að frá lækni eða öðrum sérfræðingi verði fengin yfirlýsing eða ítarlegri upplýsingar, svo og að umsækjandi að öðru leyti taki þátt í læknisfræðilegri rannsókn til að skorið verði úr um hvort gefa megi út ökuskírteini eða það skuli skilyrt á einhvern hátt.


Þá hefur sýslumaður heimild skv. 53. gr. umferðarlaga til að afturkalla ökuréttindi, ef hlutaðeigandi fullnægir ekki lengur skilyrðum til að öðlast ökuréttindi. Gæti sveitarstjórn því beint því til viðeigandi sýslumanns að vafi leiki á því að bifreiðastjóri í skólaakstri uppfylli skilyrði til að öðlast ökuréttindi. Um afturköllun ökuréttinda af heilbrigðisástæðum eða skort á aksturshæfni er fjallað í 26. og 27. gr. reglugerðar um ökuskírteini. Í 26. gr. segir að hafi sýslumaður eða lögreglan sérstaka ástæðu til að ætla að skírteinishafi fullnægi ekki lengur skilyrðum varðandi heilbrigði eigi ákvæði 4. gr. reglugerðarinnar við um athugun þess. Að fenginni niðurstöðu slíkrar athugunar tekur sýslumaður ákvörðun um hvort afturkalla skuli ökuréttindin skv. 53. gr. umferðarlaga.

## **IV. Niðurlag.**

Skólaakstur grunnskólabarna skal skipulagður með hliðsjón af öryggi og velferð nemenda í hvívetna.

Verður því að gera ríkar kröfur til þeirra sem sinna skólaakstri grunnskólabarna, jafnt í dreifbýli sem og þéttbýli. Eðlilegt er að gera þá kröfu til bifreiðastjóra skólabifreiða að hæfi þeirra til að tryggja öryggi nemenda sé hafið yfir allan vafa. Er það meðal annars tryggt með því að gera kröfu um að bifreiðastjórar hafi réttindi til farþegaflutninga í atvinnuskyni. Þurfa því slíkir öikumenn, að undanskildum þeim öikumönnum sem aka ökutækjum í flokki B í atvinnuskyni, að gangast undir endurmenntun á fimm ára fresti, sbr. 50. gr. umferðarlaga, sbr. reglugerð um ökuskráirteini. Mikilvægt er að sveitarstjórn geti kallað eftir læknisvottorði eða beint því til sýslumanns ef upp kemur rökstuddur vafi um hæfi einstaklings sem sinnir skólaakstri til þess að gera það áfram. Jafnframt er vakin athygli á því að hóp bifreiðar sem notaðar eru til að flytja skólabörn skulu almennt uppfylla kröfur reglugerðar um merki á skólabifreiðum, nr. 279/1989. Þá skulu rekstraraðilar skólabifreiða hafa almennt rekstrarleyfi samkvæmt 4. gr. laga um farþegaflutninga og farmflutninga, ásamt því að þau ökutæki sem notuð eru við skólaakstur skulu skráð í viðeigandi notkunarflokk hjá Samgöngustofu. Ef bifreið er í eigu skóla og ökumaður er starfsmaður skólans þá falla slíkir flutningar undir 8. tölul. 3. gr. laganna sem farþegaflutningar í eigin þágu og því ekki gerð krafa um rekstrarleyfi og sömuleiðis ef notast er við bifreið sem fellur ekki undir löginn.

Fyrir hönd ráðherra



Jón Vilberg Guðjónsson



Jóhann Þorvarðarson